

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

44. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn þriðjudaginn 5. apríl 2022. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 13:45.

Fundinn sátu f.h. SÍ, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson, Arnbjörg Stefánsdóttir. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Inga Rún Ólafsdóttir, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Hagvaxtarauki

Í gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiákvæði við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Nú hefur forsendunefnd ASÍ og SA staðfest að hagvaxtarauki að upphæð 10.500 kr. komi á taxtalaun frá 1. apríl og til greiðslu þann 1. maí næstkomandi.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að frá 1. apríl bætist hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við launatöflur gildandi kjarasamnings aðila. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu frá og með mánaðarmótum apríl-maí 2022.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 14:00